

## REGLUGERÐ

um gerð og möskvastærð dragnóta, sem heimilt er að nota í landhelgi.

### 1. gr.

Dragnót sú (þar til telst kolanót), sem leyfð er til veiða í landhelgi, er nót, sem með strengjum er dregin eftir sjávarbotni að skipi, sem liggur fast fyrir akkerum. Á nótinni er tiltölulega stuttur poki, og tveir langir vængir. Á efri teini eru stórar korkflár, til þess að halda nótinni opinni, en á neðri teini blýhólkar. Við enda vængjanna eru trékefli, eitt við hvorn væng, fest með stuttum kaðalbútum. Í kefli þessi eru dragstrengir festir með stuttum hanafótum. Hlerar eru engir, né neitt annað, er að nokkru leyti gæti komið í þeirra stað til útþenslu vængjanna. Á dragstrengjunum eru eigi heldur nein sérstök tæki, svo sem hálmviskar eða annað, til útþenslu nótarinnar.

### 2. gr.

Í dragnótum, sem notaðar eru í landhelgi, hvort sem er til bolfiska- eða flatfiskaveiða, mega möskvar hvergi vera smærri en það, að vel sé hægt að draga í gegnum þá aflanga málmþynnu, er sé 120 mm á breidd og 2 mm á þykkt, þegar nótin er vot. Íslenskum fiskiskipum er einnig bannað að hafa um borð dragnætur með smærri riðli.

### 3. gr.

Eigi má flytja í land, eða halda um borð í skipum fiski, sem er smærri en greint er hér á eftir og skal undirmálsfiski kastað í sjóinn þegar eftir að hann er innbyrtur. Lágmarksstærðin er, mæld frá trjónu-oddi að sporðsenda:

1. Skarkoli (plaice) .....	27 cm
2. Þykkvalúra (lemon sole) .....	25 —
3. Langlúra (witch) .....	26 —
4. Stórkjafta (megrim) .....	26 —
5. Ýsa .....	26 —

Einnig er bannað að kaupa eða selja fisk veiddan í dragnót, sem telst til þessara tegunda, og er smærri en segir í þessari grein.

### 4. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum samkvæmt lögum frá 26. apríl 1937 um breyting á lögum nr. 55, 7. maí 1928, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi.

### 5. gr.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum 26. apríl 1937 til þess að öðlast gildi þegar í stað, þó koma ákvæði í 2. gr. um möskvastærð dragnóta ekki í gildi fyrr en 1. jan. 1938.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 14. maí 1937.*

**Haraldur Guðmundsson.**

*Vigfús Einarsson.*